

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 141/950*  
*komudagur 10.12.2012*



SAMTÖK  
STARFSMANNA  
FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

NETHYL 2E • 110 REYKJAVÍK  
SÍMI 540 6100 • FAX 540 6108  
ssf@ssf.is • www.ssf.is

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. desember 2012

**Umsögn frá Samtökum starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF) um mál nr. 468, þingskjal 602, um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Breytingar á lögum nr. 165/2011, um fjársýsluskatt.**

Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF) mótmæla harðlega hækkun á sérstökum launaskatti úr 5,45% í 6,75%, svokölluðum fjársýsluskatti, sem lagður er á eina starfsstétt á íslenskum vinnumarkaði. Ítrekað skal bent á að  $\frac{3}{4}$  hluti starfsmanna í íslenskum fjármálafyrirtækjum eru konur, lang flestar með langan starfsaldur og á lágum launum. Í umsögn sem SSF sendi inn í nóvember 2011 (sjá bls. 2 og 3), þegar fjársýsluskattur var enn í frumvarpi, bentu samtökin á að álagning á „sérstökum launaskatti – fjársýsluskatti“ kæmi til með að fækka störfum kvenna í útibúum, þjónustuverum og bakvinnslu fjármálafyrirtækja. Þetta hefur því miður gengið eftir því frá upphafi álagningar 1. janúar 2012 hafa rúmlega 100 starfsmenn í framangreindum þjónustustörfum misst vinnuna, þar af 90 konur. SSF kannar nú hvort lagasetning af þessu tagi, sem setur skorður á kjarasamninga hjá einni starfsstétt, samræmist jafnræðisreglu Stjórnarskrár Íslands. Við fyrstu skoðun lögfræðistofu virðist slík lagasetning með öllu óheimil og brjóta í bága við samningsfrelsi og jafnræði starfsstétta.

Friðbert Traustason, formaður SSF

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. nóvember 2011

**Umsögn frá Samtökum starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF) um mál nr. 193 á 140. löggjafarþingi, frumvarp til laga um fjársýsluskatt.**

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur með tölvupósti þann 7. nóvember sl. leitað eftir umsögn SSF um framangreint frumvarp. Með frumvarpinu er lagður til nýr skattur, svokallaður fjársýsluskattur, sem ætlað er að leggist á allar tegundir launa og þóknana fjármálafyrirtækja, váttryggingafélaga og lífeyrissjóða.

Í fyrstu skal það nefnt að það er samtökunum mikil vonbrigði að slíkt frumvarp skuli vera komið fram þar sem algjörlega virðist rennt blint í sjóinn hvaða áhrif skatturinn hefur á rekstur fjármálastofnanna og á störf og stöður núverandi starfsmanna. Fram kemur í síðustu tveimur málsgreinum í formála athugasemda við frumvarpið að höfundar þess hafa ekki hugmyndir um afleiðingarnar en telja það gott, að því er virðist, að auknar álögur í formi fjársýsluskatts hafi neikvæð áhrif á atvinnugreinina og starfsmenn hennar, því þar stendur:

**„Loks er viðbúið að fjársýsluskattur hafi áhrif á þróun atvinnugreinarinnar í heild. Auknar álögur af þessu tagi færa rekstrarumhverfi fyrirtækja í fjármála- og váttryggingastarfsemi nær því sem aðrar greinar atvinnulífsins búa við og eru til þess fallnar að draga úr launahækkunum og halda aftur af nýráðningum. Fjársýsluskattur mun því draga úr óæskilegri þenslu í greininni“.**

Samtökin skilja ekki hvað höfundum frumvarpsins gengur til að setja svona lagað fram. Er ekki að sjá að þeir hafi neinn skilning á því að það er fólk sem vinnur í fjármála-fyrirtækjunum og bak við hvern starfsmann er fjölskylda. Þeir gera sér ekki grein fyrir því að slík skattþening á fyrirtækin geti ekki leitt til annars en að starfsmönnum verði stórlega fækkað?

SSF leggur á það áherslu að hinir almennu starfsmenn fjármálafyrirtækja eru ekki of sælir af þeim launum sem þeir hafa í dag og bendir á, eins og fram kemur einnig í frumvarpinu, að meðaltekjur allra starfsmannanna á árinu 2010 voru 473 þúsund krónur á mánuði en meðaltekjur kvenna voru 420 þúsund krónur. Að setja það fram á kostnað starfsmanna og nota það sem forsendur fyrir skattlagningunni, að möguleiki til launahækkana skerðist við það og það sé hið besta mál, er móðgun við starfsmenn fyrirtækjanna.

Augljóst verður að telja að þeir starfsmenn sem verða látnir fara eiga ekki möguleika á sambærilegum störfum og verða líklega atvinnulausir um lengri eða skemmri tíma.

70% af starfsmönnum þessara fyrirtækja eru konur. Atvinnulausum konum mun þannig fjölga verulega þegar uppsagnarskriðan fer af stað. Er hér greinilega ekki um að ræða ráðstöfun til að konur haldi störfum sínum, sem þó er yfirlýst stefna ríkisstjórnar.



Nú þegar hafa 1800 starfsmenn banka og sparisjóða misst vinnuna en það er um 30% af öllum þeim sem voru við störf í upphafi árs 2008. Af þessum 1800 starfsmönnum eru tæplega 1400 konur.

Starfsmenn banka og sparisjóða eru nú um 3800, tryggingafélaga um 500 og lífeyrissjóða 200. Því er furðulegt að tala Hagstofunnar um „7900 störf í fjármálaþjónustu“ skuli notuð í skýringum með frumvarpinu, tala sem er a.m.k. 3000 of há miðað við staðreyndar fjöldatölur frá Samtökum Fjármálafyrirtækja og SSF. Tala Hagstofunnar er fenginn með úreltri úrtakskönnun (4000 manns á vinnumarkaði), sem hefur ekkert sannleiksgildi.

Skattlagning þessi er varin með því að sambærilegur skattur séu í Danmörku og fleiri löndum, þar sem sérstakur launaskattur er lögð á starfsemi sem ekki er virðisaukaskattskyld.

Í því sambandi verður að hafa í huga að t.d. danskar og franskar fjármálastofnanir greiða ekki tryggingargjald (tæplega 9%) eins og þær íslensku gera og skattur á þau því a.m.k. helmingi lægri en fyrirhugaður launaskattur verður á íslensk fjármálafyrirtæki, rúmlega 19%.

Þá telur SSF að auk mikillar fækkunar starfsmanna með tilkomu fjársýsluskattsins muni þjónustukostnaður fjármálafyrirtækja óhjákvæmilega hækka nokkuð og komi fram sem aukin skattlagning á viðskiptavinum, sem hefur áhrif á neysluvísitölu.

Í frumvarpinu er vísað í skýrslu sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafi gert um skattlagningu fjármálafyrirtækja í júní 2010. Sagt er að þar komi fram að fjármálafyrirtæki beri hlutfallslega minni skatta en aðrar atvinnugreinar, m.a. vegna undanþágu þeirra frá álagningu virðisaukaskatts.

Vel má vera að svo sé, en af hverju er ekki gerð álíka athugun hér á landi áður en vaðið er af stað með fjársýsluskattinn? Er ástæða til að spyrja alltaf eftir?

Á það skal minnt að íslenskar fjármálastofnanir greiða margvísleg ótekjutengd gjöld sem ekkert kemur fram um að séu greidd erlendis. Má þar nefna fyrir árið 2011:

1. Sérstakur bankaskattur að fjárhæð um 1 milljarður.
2. Tímabundinn skattur vegna vaxtaniðurgreiðslu 2,1 milljarður.
3. Skattur vegna Fjármálaeftirlitsins 1,1 milljarður og fer hækkandi.
4. Gjald til Umboðsmanns skuldara 0,6 milljarðar og fer hækkandi.

Samtök fjármálafyrirtækja hafa gert ráð fyrir að ótekjutengd gjöld á aðildarfélögin nemi á árinu 2012 samtals um 18 milljörðum og séu um 5 milljónir króna á hvern starfsmann innlánsstofnanna.

Hér er um verulegar háar fjárhæðir að ræða og verður að telja að þær gefi tilefni til að athugað verði hvort stofnanirnar þoli meiri skattlagningu. Fari sú skoðun fram áður en til álita komi að leggja á fjársýsluskattinn.

Þá skal loks á það bent að UNI-alþjóðasamtök stéttarfélaganna mæla eindregið gegn því að skattur sé lagður á launatekjur, en SSF er aðili að þeim samtökum ásamt VR, Bókagerðarmönnum og Rafiðnaðarmönnum.

Með tilkomu fjársýsluskatts er störfum félagsmanna stefnt í stóra hættu, því skorar SSF á stjórnvöld að láta af þessum ótímabæru hugleiðingum.

Reykjavík, 16. nóvember 2011

Friðbert Traustason, formaður SSF.